

FRETTAÞREIÐ



28. árgangur feb. 2017, 1. tölublað
Ábyrgðarmaður og umsjón: Jóhannes Finnur Halldórsson



Sími 431 2000 alla virka daga.

Heimasíða; feban.is

Netfang; feban@feban.is. Við erum einnig á facebook

**Frekari upplýsingar á Kirkjubraut 40
Skrifstofan er opin á mánudögum
kl. 14:00 - 16:00**

Um mótun stefnu FEBAN vegna húsnæðismála.

Eins og kunnugt er, þá voru miklar vonir bundnar við húsnæði að Dalbraut 6. Var það stefna bæjarins, að þar yrði þjónustumiðstöð eldri borgara á Akranesi. Settur var á stofn samráðshópur FEBAN og bæjarins til að greina, kanna og gera tillögur um það húsnæði (sjá [skýrslu](#) á heimasíðu FEBAN), sem bærinn hafði keypt í þessum tilgangi. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum í mars 2015. Margt gagnlegt er þar að finna. Fulltrúar FEBAN voru Jóhannes Ingibjartsson og Ólafur Guðmundsson.

Stjórn FEBAN hefur ítrekað fjallað um þessi mál á fundum sínum. Það liggur fyrir að til eru margar skýrslur og úttektir á högum eldri kynslóðarinnar og eru við þeirrar skoðunar og nóg sé komið að þeirri vinnu í bili og tími aðgerða upp runninn. Settur var því á stofn nýr samráðshópur FEBAN og bæjarins, sem ætlað er að koma með niðurstöðu um fjölmörg mál er varðar eldri borgara 60+. Skal því lokið á árinu 2017.

Með fréttabréfi þessu vill stjórnin koma á framfæri við félagsmenn því sem er til umræðu þessar vikurnar. Við erum aðeins byrjuð að ræða fyrsta liðinn samkvæmt erindisbréfi starfshópsins. Þar er honuð ætlað að kanna hvaða húsnæði væri hægt að nýta fyrir félagsstarf samhliða og/eða í staðinn fyrir núverandi aðstöðu að Kirkjubraut, þar til mál skýrast með Dalbraut 6.

Það hefur komið skýrt fram af hálfu bæjaryfirvalda að vilji þeirra stendur til að svæðið við og ásamt Dalbraut 6 verði byggt upp í heilu lagi sem íbúðabyggð og þar verði jafnframt þjónustumiðstöð eldri borgara. Við tókum undir það sjónarmið að þar verði þjónustumiðstöð og gerum okkur jafnframt grein fyrir að langur tími geti liðið þangað til að það verði að veruleika. Við verðum að bíta í það súra epli.

Golfklúbburinn Leynir stefnir að byggja nýja félagsaðstöðu á því svæði sem að núverandi klúbbhús er. Með bréfi sem barst nú í janúar hefur golfklúbburinn boðið FEBAN með aðkomu Akraneskaupstaðar, að nýta aðstöðuna einnig fyrir frístundastarf sitt, þar sem að hægt verði að sinna spilum, bochia, bókmenntun og menningu, línudansi, ballskák, pútti, leika í golfhermi og eflaust fleira. Hugmyndi er að veitingasala verði í húsinu allt árið. Klúbburinn hefur látið teikna hugmynd að félagsaðstöðu og eftir samtal við stjórn FEBAN, er vilji til að stækka húsnæðið til að hægt verði að sinna fleiri möguleikum í frístundum aldraðra og annarra hópa. Yrði það mun meira rými, en er til staðar í dag á Kirkjubraut 40. Hús þetta ætti að vera tilbúið til notkunar á vormánuðum 2018.

Þess vegna viljum við vinna að því með bæjaryfirvöldum að byggð upp aðstaða til frístunda og heilsueflingar, þar sem að gert er sérstaklega ráð fyrir eldri borgurum.

1. Staðið verði við að **þjónustumiðstöð** eldri borgara verði byggð á Dalbrautarreitnum í tengslum við uppbyggingu svæðisins.
2. Akraneskaupstaður **skuldbindur sig til að** vinna að því að byggja upp fimm leiðir, eða ”stöðir” fyrir frístundir 60+ og sem jafnframt getur nýst öðrum. Þær verði:
 - 2.1. **Frístundastöð.** Hér yrði um að ræða samstarfs-samning um uppbyggingu frístundahúss og félagsaðstöðu í samvinnu við Golfklúbbinn Leyni.
 - 2.2. **Íþróttastöð.** Gert verði ráð fyrir athafnarrými til heilsueflingar sérstaklega fyrir þriðju kynslóðina fyrir-huguðu fimleikahúsi.
 - 2.3. **Handverksstöð.** Komið verði upp aðstöðu til allskyns handverks með tækjum og tólum til að skapa verk og gera við hluti úr tré, málm, gleri og einnig þar sem rafmagn gæti komið við sögu.

2.4. Kennslu– og menntastof. Frátekið verði sérstakt rými til að sinna tölvukennslu og námskeiðum fyrir eldri borgara. Það þarf að vera sérstaklega til þess gert og án þess að þurfi að vera með tilfæringar á búnaði í hvert skipti.

2.5. Salarstof. Það hefur löngum legið fyrir að mikil þörf er á viðunandi sal til að halda stærri samkvæmi, þorablót, fjölmenna fundi og árshátíðir svo að eitthvað sé nefnt. Það má nefna að salir eru ónotaðir í húsnæðis Hjúkrunarheimilisins Höfða, en það kemur ekki til skemmtanahalds þar, miðað við óbreyttan rekstur. En þar er eldhús, sem gæti sinnt öllum stofnunum bæjarins. Bæjarfélag af þessari stærðargráðu, þarf að geta boðið upp á eitthvað fleira en Vita og Íþróttahús til tónleika– og skemmtanahalds. Viljum við þó ekki gera lítið úr þeim skemmtistöðum sem starfa í bænum. Tónberg stendur auðvita fyrir sínu.

Kynning á ferð til Tönder í Danmörku. Í september sl. fóru fulltrúar FEBAN, bæjarins, HVE og stjórnar Höfða til að kynna sér mál 60+ í vinabæ Akraness. Við teljum að það hafi verið mjög lærdómsrík ferð og stefnt er að kynningu á þeirri heimsókn í máli og myndum á næstunni. Þá má benda á ágæta grein um málið í Skessuhorn í haust, sem að varaformaður félagsins Júlíus Már, skrifaði.

VIÐ HVETJUM ALLA SEM ERU ORÐNIR 60 ÁRA AÐ GERAST FÉLAGSMENN Í FEBAN ÁRGJALDIÐ ER AÐEINS 2.500 KR. Það skilar sér fljótt. Það er hægt að skrá sig á heimasíðu félagsins og eins að koma á opnunartíma skrifstofunnar á mánudögum. Eða þá bara að hringja í 43 2000.

FEBAN er framtíðin